

Fyrirvari

Fyrirvari þessi er settur fram vegna þeirra upplýsinga sem koma fram í hlaðvarpsþætti sem nálgast má á vefsíðunni <https://www.landsbankinn.is/umraedan/hladvarp>

Landsbankinn hf. (hér eftir “Landsbankinn”) er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og sækir starfsleyfi sitt til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Fjármálaeftirlitið er lögbært yfirvald sem hefur eftirlit með starfsemi Landsbankans.

Hlaðvarpsþátturinn „Markaðsumræðan“ var tekinn upp af Landsbankanum og er efni hans markaðsefni í skilningi laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og reglugerð 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Efni hlaðvarpsþáttarins var ekki unnið í samræmi við þær kröfur sem lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, gera til fjárfestingarannsóknna og stuðla að óhæði slíkra rannsókna auk þess sem ekki lá bann við því fyrir starfsmenn Landsbankans, fyrir sína hönd eða fyrir hönd annars aðila, að eiga víðskipti með fjármálagerninga sem efni þessa hlaðvarpsþáttar tengist áður en hann var gerður aðgengilegur almenningi.

Landsbankinn eða tengdir aðilar eru með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem hlustendur kunna að verða fyrir með því að notast við eða nýta sér með öðrum hætti upplýsingar úr þessu hlaðvarpi.

Þau sjónarmið og þær upplýsingar sem koma fram í hlaðvarpsþættinum endurspeglar skoðanir þeirra starfsmanna Landsbankans, og gesta ef við á, sem þar koma fram á þeim degi sem hlaðvarpið var tekið upp og geta breyst án fyrirvara. Upplýsingar um fjármálamarkaðinn sem fram koma hjá starfsmönnum Landsbankans í hlaðvarpsþættinum byggja á opinberum upplýsingum þess tíma sem hlaðvarpið var tekið upp en Landsbankinn getur ekki ábyrgst áreiðanleika eða réttmæti slíkra upplýsinga frá þriðja aðila. Upplýsingar og sjónarmið starfsmanna Landsbankans sem koma fram í hlaðvarpsþættinum eru sett fram samkvæmt þeirra bestu vitund á þeim tíma sem þátturinn var tekinn upp og geta verið háðar breytingum.

Ef virðisamat er sett fram í hlaðvarpsþættinum, þá styðst niðurstaða þess m.a. við söguleg fjárhagsleg gögn sem og áætlanir sem ekki hafa verið sannreyndar af Landsbankanum. Útgefandi þeirra fjármálagerninga sem fjallað er um í hlaðvarpsþættinum fékk ekki tækifæri til að gera athugasemdir við efni þáttarins áður en hann var gerður aðgengilegur almenningi.

Efni þessa hlaðvarpsþáttar er einungis til upplýsingar og felur hvorki í sér persónulega né opinbera fjárfestingaráðgjöf sbr. lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og hefur Landsbankinn ekki metið hvort fjárfesting í tilteknum fjármálagerningi sé viðeigandi fyrir víðskiptavin. Hlustendum er bent á að víðskipti með fjármálagerninga fela í sér áhættu og eru þeir því hvattir til að gera sjálfstæða könnun á þeim upplýsingum sem ákvörðun þeirra um fjárfestingu byggir á og leita óháðrar ráðgjafar þar um. Hlustendum er sérstaklega bent á að kynna sér eigin réttarstöðu og leita óháðrar ráðgjafar varðandi fyrirhugaða fjárfestingu þ.m.t. er varðar skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestinguna og/eða um það hvort gjaldeyrishöft snerti fyrirhugaða fjárfestingu að einhverju leyti.

Áhættulýsing vegna markaðsvíðskipta með fjármálagerninga er aðgengileg á vef Landsbankans, <http://www.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/>.

Til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni víðskiptavina Landsbankans hefur Landsbankinn sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Útdrátt úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra má nálgast á vef Landsbankans, <http://www.landsbankinn.is/umbankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/>.

Eftirfarandi er listi yfir hagsmunatengsl og/eða aðstæður sem ætla má að gætu haft áhrif á hlutleysi Landsbankans eða starfsmanna við greininguna:

Nr.	Fyrirvari	Arion banki hf.
		ARION
		4.2.2021
1.	Á Landsbankinn yfir 5% hlut í útgefanda?	Nei
2.	Á útgefandi yfir 1% hlut í Landsbankanum?	Nei
3.	Situr starfsmaður Landsbankans í stjórn útgefanda?	Nei
4.	Hefur Landsbankinn gert samning um viðskiptavakt með fjármálagerninga útgefanda?	Nei
5.	Stundar Landsbankinn regluleg eigin viðskipti með hluti í útgefanda?	Já
6.	Hefur Landsbankinn stýrt, sölutryggt eða verið umsjónaraðili opinbers útboðs fyrir útgefanda síðustu 12 mánuði?	Nei
7.	Hefur Landsbankinn fengið þóknun frá útgefanda síðustu 12 mánuði vegna fjárfestingaráðgjafar?	Nei
8.	Er greining gerð að beiðni útgefanda?	Nei
9.	Eiga starfsmenn sem komu að gerð greiningar, ásamt fjárhagslega tengdum aðilum, hagsmuna að gæta vegna eignarhalds á verðbréfum útgefanda, verðbréfum útgefanda í sömu atvinnugrein eða afleiðum tengdum þessum fjármálagerningum?	Nei